

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi tjaldsvæðisreits við Þórunnarstræti.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. júlí 2021 deiliskipulagsbreytingu fyrir tjaldsvæðisreit við Þórunnarstræti. Í breytingunni felst að afmörkuð er lóð fyrir heilsugæslu á núverandi bílastæði upp við Þingvallastræti og Byggðaveg. Að auki er gert ráð fyrir stækkun hótellóðar, nýrri viðbyggingu við hótelið, breytingu á aðkomu frá Þingvallastræti auk breytinga er varða afmörkun bílastæða, gangstétta o.fl.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Nausthverfis 2, Sómatún 29.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. júlí 2021 deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Sómatúns 29. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verði heimilt að byggja þriggja íbúða raðhús á einni hæð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 12. ágúst 2021,

Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri skipulagssviðs.